

með einföldu fangelsi í 12 daga, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Ennfremur skal hann æfilangt sviftur leyfi til að stýra bifreið. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 16. jan. 1931.

Nr. 57/1930. **Jóhann Þ. Jósefsson, f. h. eigenda og vátryggjenda togarans Henny Picken-pack** (Sveinbjörn Jónsson).

gegn

Jes Zimsen, f. h. fiskiveiðahlutafélagsins Belgaum í Hafnarfirði (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi höfðaði áfrýjandi mál þetta fyrir sjódómi Hafnarfjarðarkaupstaðar til greiðslu á skaðabótum út af árekstri, og lauk máli þessu svo í héraði, að málinu var vísað frá sjódóminum sökum ónógra upplýsinga.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 3. júlí f. á., og hefir krafizt þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og málinu vísað heim til dómsálagningar að efni til. Svo krefst hann og, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti. Stefndi hefir ekki mætt eða látið mæta í málinu og hefir það því verið rekið skriflega.

Áfrýjandi hefir gert ákveðnar dómkröfur fyrir sjódóminum, lagt fram eftirrit af sjóréttarprófi í

Altona ásamt staðfestri þýðingu, virðingargerð af skemmdum á skipinu og ítarlega málsútlitun og þykja því nægileg gögn framkomin af hans hendi til að leggja efnisdóm á málið. Það verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir sjódominn að taka málið fyrir að nýju og leggja dóm á það að efni til. Svo verður og að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti 120 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og ber sjódominum að taka málið fyrir að nýju og leggja dóm á það að efni til.

Stefndi, Jes Zimsen, f. h. fiskiveiðahlutafélagsins Belgaum í Hafnarfirði, greiði áfrýjanda, Jóhanni Þ. Jósefssyni, f. h. eigenda og váttryggjenda togarans Henny Pickenpack, 120 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. jan. 1931.

Nr. 109/1929. **Helga Káradóttir o. fl.** (Svb. Jónsson).
 gegn
skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum, f. h. þrotabús Þórunnar Pálsdóttur, o. fl. (Guðm. Ólafsson).

Kaupkröfur í þrotabú eigi teknar til greina.

Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyja 5. okt. 1929: Kröfur barnanna Helgu, kr. 1500.00, Óskars kr. 3600.00, Sigurbjörns kr. 3500.00 og

Guðna kr. 700.00, verða ekki teknar til greina við búskiptin.

Dómur hæstaréttar.

Með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Vestmannaeyja 1. maí 1929, var bú ekkjunnar Þórunnar Pálsdóttur í Presthúsum í Vestmannaeyjum, er sat í óskiptu búi eftir mann sinn, Kára Sigurðsson, sem andazt hafði 10. ág. 1925, tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrotabú eftir beiðni hennar. Á skiptafundi í búinu 1. okt. 1929 var af hálfu áfrýjendanna, fjögurra barna Þórunnar Pálsdóttur, Helgu Káradóttur, Óskars Kárasonar, Sigurbjarnar Kárasonar og Guðna Kárasonar, lýst í þrotabúið kaupkröfum, að upphæð svo sem greinir í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar. Þrír af skuldheimtumönnum búsins, er mættir voru á skiptafundi þessum, mótmæltu þessum kröfum og með úrskurði, uppkveðnum 5. okt. 1929, ákvað skiptarétturinn, að kröfur þessar skyldu ekki teknar til greina við búskiptin.

Þessum úrskurði hafa áfrýjendurnir skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 17. okt. 1929, og hafa þau stefnt skiptaráðandanum, f. h. þrotabúsins, svo og þeim þremur skuldheimtumönnum, er mótmælt höfðu kröfum þeirra. Þegar málið var tekið fyrir í hæstarétti var að eins mætt af hálfu tveggja hinna stefndu, þeirra Helga Benediktssonar, f. h. verzlunarfélags Vestmannaeyja, og Jóns Einarssonar. Málið hefir því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Eftir að hinn áfrýjaði úrskurður var uppkveðinn hafa farið fram vitnaleiðslur í málinu. Stefndu hafa að vísu mótmælt gildi þessarar vitnaleiðslu, af þeim sökum, að hinn reglulegi dómari, sem jafn-

framt er skiptaráðandi í búinu, hafði gefið út vitnamálsstefnuna. En með því að setudómari fór að öðru leyti með vitnamálið, þá verður eigi talið, að þetta atvik hafi nokkur áhrif á sönnunargildi vitnaframburðanna. Með vitnaleiðslum þessum má telja það nægilega sannað, að áfrýjendur hafa síðustu árin áður en gjaldþrotaskipti í búi móður þeirra hófst, unnið henni, þannig, að arður af vinnu þeirra hafi runnið til hennar, en þau höfðu framfærslu sína á heimili hennar. Þórunn Pálsdóttir hefir enn fremur gefið vottorð um það, hvert árskaup áfrýjendur hafi haft hjá sér og hefir hún staðfest það fyrir rétti, með þeirri athugasemd, að áfrýjendunum hafi verið lofað því kaupi, sem hægt væri að greiða þeim. Með þessu verður eigi talið, að mótmælum stefndu gegn kröfum þessum sé hnekkt. Þegar litið er á það, hversu efnabag og ómegð Þórunnar Pálsdóttur var varið, verður að telja það ósennilegt, að áfrýjendur og hún sjálf hafi getað búið við því, að henni væri unnt að greiða kaup það, er hún telur sig hafa lofað áfrýjendum, og virðist þá sennilegri staðhæfing stefndu, um að áfrýjendur hafi unnið móður sinni til þess að styrkja hana og yngri systkini sín, en slíkur styrkur verður eigi talinn afturkræfur úr þrotabúinu. Verður því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og ber þá áfrýjendum að greiða hinum stefndu, Helga Benediktssyni, f. l. verzlunarfélags Vestmannaeyja, og Jóni Einarsyni, málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera :

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjendur, Helga Káradóttir, Óskar Kárason, Sigurbjörn Kárason og Guðni Kárason,

greiði eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, stefndu, Helga Benediktssyni, f. h. verzlunarfélags Vestmannacyja, og Jóni Einarssyni, 100 kr. í málskostnað í hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Börn ekkjunnar Þórunnar Pálsdóttur hafa gert kröfur þær, er að neðan greinir í þrotabúið:

Helga	kr. 1500,00
Óskar	— 3600,00
Sigurbjörn	— 3500,00
Guðni	— 700,00

Börnin hafa haldið því fram, að upphæðir þessar séu þannig til orðnar, að þau hafi unnið endurgjaldslaust fyrir búið, með öðrum orðum, að þetta sé kaup þeirra.

Kröfuhafar þeir, er mættu á skiptafundinum, mótmæltu því, að kröfurnar yrðu teknar til greina, og þar eð börnin hafa engar sannanir fært fyrir réttmæti krafanna, þá verður skiptarétturinn að fallast á mótmæli kröfuhafa og verða framangreindar kröfur barnanna því ekki teknar til greina.

Sátt var árangurslaust reynd á milli málsaðilja.

Miðvikudaginn 21. jan. 1931.

Nr. 103/1930. **Réttvísín** (Eggert Claessen).

gegn

Ragnari Sigurjóni Baldvin Helgasyni

(Theódór Línal).

Þjófnaður.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. okt. 1930: Ákærður, Ragnar Sigurjón Baldvin Helgason, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.